

2. gr.

112

29. des.

Á eftir 8. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

3. gr.

Fimmti tölul. 21. gr. orðist svo:

Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 72 krónur á ári að viðbætti verðlagsuppbót samkv. kaupjaldsvisitölu.

4. gr.

36. gr. orðist svo:

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1954.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 1/1952 og gefa þau út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

113

29. des.

um lausn ítaka af jörðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ítak merkir í lögum þessum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi eru samfara vörzlum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taka til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis.

2. gr.

Lög þessi taka eigi til ítaka í aðrar fasteignir en jarðir.

3. gr.

Lög þessi taka eigi til skógarítaka né til lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum.

4. gr.

Á næstu 6 mánuðum, eftir að lög þessi taka gildi, skulu héraðsdómarar birta prisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til þeirra, er telja sig eiga ítök í jarðir innan lögsagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar. Í lýsingunni til héraðsdómara skal greina efni ítaksins, hagnýtingu þess að undanförunu og, eftir því sem unnt er, hversu það í fyrstu er tilkomið.

113

19. des.

5. gr.

Nú hefur ítaki verið lýst samkvæmt 4. gr., og skal héraðsdómari þá senda eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, er ítaki er lýst í, eftirrit af lýsingunni. Vefengi þeir lýsinguna, skal úr þeim ágreiningi skorið samkvæmt l. nr. 41 28. nóv. 1919. Komi engin vefenging fram innan 12 mánaða frá því jarðeiganda og ábúanda var send tilkynning þessi, skal það metið svo sem þeir viðurkenni, að lýsingin sé rétt, og skal þá þinglýsa ítakslýsingunni á varnarþingi jarðarinnar, hafi ítakinu eigi verið þinglýst þar áður.

Nú er ítaki eigi lýst samkvæmt framansögðu, og fellur það þá úr gildi. Hafi því áður verið þinglýst, skal afmá það úr veðmálabókunum.

6. gr.

Eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, á þess kost að leysa það af jörð sinni samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Sama rétt á sá, sem erfðaábúð hefur á jörð, svo og óðalsmaður, að því er tekur til ítaka í óðalsjörð hans.

Nú er jörð sú, sem ítakið er í, í sameign fleiri manna, og verða þeir þá allir að vera sammála um lausn ítaksins af jörðinni.

7. gr.

Nú vill eigandi leysa ítak af jörð sinni, og skal hann þá snúa sér til ítaks-hafans um það. Náist eigi samkomulag um lausn ítaksins, getur lausnarbeiðandinn fengið dómkvadda tvo óvilhalla menn og lagt málið undir álit og mat þeirra. Matsmenn þessir skulu meta annars vegar hagsmuni ítakshafa af notkun ítaksins og hins vegar hagsmuni lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörð sinni. Er ítaks-hafa þá því aðeins skylt að hlíta lausn ítaksins, að hagsmunir hans af ítakinu séu metnir mun minni en hagsmunir lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörðinni. Meta þá matsmennirnir ítakið til peningaverðs, ef óskað er.

8. gr.

Nú eiga tvær jarðir ítök hvor í annarrar land og leysir eigandi annarrar jarðarinnar ítakið af henni, og er það þá á valdi eiganda hinnar jarðarinnar, hvort hann leysir einnig ítakið af jörð sinni.

9. gr.

Nú hefur ítak verið leyst af jörð, sem í leiguabúð er, og getur landsdrottinn þá látið fara fram endurmat á landskuld ábúandans. Sama rétt á leiguliði, er ítak, sem ábýlisjörð hans fylgdi, hefur verið skilið frá jörðinni og leyst af jörð þeirri, er það var í. Endurmat þetta framkvæma úttektarmenn.

10. gr.

Aðili, sem eigi vill una álits- og matsgerð dómkvaddra manna, er ræðir um í 7. gr., getur skotið henni til yfirmats þriggja dómkvaddra óvilhallra manna. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, sem æskir þess, svo og við yfirmat, ef engin breyting verður á matinu honum í vil; ella greiðist kostnaður við yfirmat að hálfu af hvorum aðila.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson

(L. S.)

Hermann Jónasson.